

1. ágúst 2019

Sigurbergur Sigurðsson  
Sunnuholti  
710 Seyðisfjörður

### **Greinargerð um útgáfu tarfsleyfis fyrir steypustöð við Neptún**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir litla steypustöð við Neptún á Seyðisfirði barst HAUST í eftirlitsferð þann 11. Júní 2019. Umsækjandi var fyrri rekstaraðili, þ.e. Sigurbergur Sigurðsson, kt. 170844-7699.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. júní sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 18. júlí 2019.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin á auglýsingartíma. Frá byggingarfulltrúa bárust í tölvupósti 14. júní upplýsingar um að málið yrði líklega tekið upp á fundi umhverfisnefndar m.t.t. skipulags. Engin gögn hafa borist frá umhverfisnefnd, en vegna ábendingar frá byggingarfulltrúa þykir rétt að takmarka gildistíma starfsleyfisins við fimm ár

Ath. að ákvörðun HAUST um útgáfu leyfisins og gildistíma þess er kæránleg til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál skv. 4.gr. í lögnum nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá því kæranda var kunnugt um ákvörðunina og skal send til Úrskurðarnefndarinnar á heimilisfang Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Helga Hreinsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

